



## **Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni**

Vímuefni eru vaxandi vágstur í íslensku samfélagi. Þau ógna nú lífi og heilsu fjölda ungmenna.

Því miður verður æ algengara að ungmenni deyi vegna neyslu eiturlyfja. Eftir sitja vinir, skólafélagar og ættmenn og spyrja í angist: Hví gerði ég ekki meira til þjargar?

Grunnskólinn er kjörinn vettvangur til fræðslu og samstarfs. Því fyrr sem hafist er handa þeim mun betri verður árangurinn.

Tónleikarnir á Hofsósi eru vitnisburður um að víða um land eru æskufólk, skólar og byggðarlög að vakna til vitundar um mikilvægi baráttunnar gegn vímuefnum.

Ég óska nemendum, skólastjórnendum og tónlistarfólki til hamingju með þetta glæsilega frumkvæði og vona að fjölsóttir tónleikar verði staðfesting á sannleiksgildi kjörorðsins: „Ungt fólk í Evrópu – Íslensk æska án vímuefna“.

Bestu kveðjur